

Sp.

418. Þingsályktun

[31. mál]

um rannsókn á slysum á íslenskum togurum og öðrum veiðiskipum.

(Afgreidd frá Sp. 12. des.)

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta fram fara ýtarlega rannsókn á slysum þeim, sem orðið hafa á íslenskum togurum og öðrum veiðiskipum frá ársbyrjun 1948 og hverjar höfuðorsakir megi telja til slysanna.

Á grundvelli þessarar rannsóknar og með hliðsjón af löggjöf annarra þjóða um öryggisráðstafanir á skipum skal ríkisstjórnin undirbúa og fá lögfest svo fljótt sem verða má ákvæði, sem tryggi svo sem auðið er öryggi skipverja gegn slysum.